# Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

**1. janúar - 30. júní 2016**

Vátryggingafélag Íslands hf.
Ármúla 3
108 Reykjavík
Kt. 690689-2009

# Vátryggingafélag Íslands hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

## 1. janúar - 30. júní 2016

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 2 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 3 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Eiginfjáryfirlit | 6 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 7 |
| Skýringar | 8-14 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. („félagið“ eða "VÍS") fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf., sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“.

**Rekstur**

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á tímabilinu 238 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 48.539 milljónum króna og bókfært eigið fé nam í lok tímabilsins 15.327 milljónum króna.

Í lok febrúar 2016 gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 milljónir króna. Skuldabréfin tilheyra eiginfjárþætti 2 og teljast til gjaldþols félagsins. Þau bera fasta 5,25% verðtryggða vexti og eru til 30 ára með uppgreiðsluheimild og þrepahækkun á vöxtum í 6,25% 10 árum eftir útgáfu. Skuldabréfin voru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ Iceland hf. þann 29. júlí s.l.

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar þann 16. mars s.l. var greiddur arður að fjárhæð 2.067 milljónir króna. Greiðsludagur var 15. apríl s.l.

Í samræmi við endurkaupaáætlun sem samþykkt var á aðalfundi 2015 hefur félagið keypt eigin hluti fyrir 396 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2016, og átti sem nam 2,2% af heildarhlutafé þess þann 30. júní s.l.

Í lok tímabilsins voru hluthafar félagsins 835 talsins en þeir voru 989 í byrjun árs.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. júní 2016. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. ágúst 2016

**Í stjórn**

Herdís Dröfn Fjeldsted
stjórnarformaður

Jostein Sörvoll
varaformaður

Benedikt Gíslason

Helga Hlín Hákonardóttir

Reynir Finndal Grétarsson

**Forstjóri**

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf.**

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og forstjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 *Árshlutareikningar*.

Reykjavík, 25. ágúst 2016

***KPMG ehf.***

Sigríður Soffía Sigurðardóttir

Sæmundur Valdimarsson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2016

| | Skýr. | 2F 2016 | 2F 2015 | 6M 2016 | 6M 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | | 4.460.170 | 4.147.671 | 8.767.182 | 8.106.771 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | | (159.830) | (148.240) | (324.631) | (307.484) |
| **Eigin iðgjöld** | 6 | 4.300.340 | 3.999.431 | 8.442.551 | 7.799.287 |
| Fjármunatekjur | | 59.667 | 131.921 | 36.767 | 379.308 |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | | 140.620 | 819.625 | 598.996 | 1.685.699 |
| **Fjárfestingatekjur** | 7 | 200.288 | 951.546 | 635.763 | 2.065.007 |
| Aðrar tekjur | | 43.740 | 40.654 | 83.570 | 80.769 |
| **Heildartekjur** | | 4.544.367 | 4.991.631 | 9.161.884 | 9.945.063 |
| Tjón tímabilsins | | (3.957.321) | (3.274.017) | (7.370.603) | (6.376.584) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum | | 408.796 | 39.557 | 437.492 | (11.552) |
| **Eigin tjón** | 8 | (3.548.525) | (3.234.459) | (6.933.111) | (6.388.135) |
| Breyting á áhættuálagi | | (1.717) | 0 | (4.794) | 0 |
| Rekstrarkostnaður | | (1.101.971) | (1.048.496) | (2.190.999) | (2.024.155) |
| Vaxtagjöld | | (58.252) | (1.405) | (85.239) | (2.102) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | | 7.412 | 13.861 | (2.204) | 9.742 |
| **Heildargjöld** | | (4.703.052) | (4.270.498) | (9.216.346) | (8.404.649) |
| **(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt** | | (158.685) | 721.133 | (54.462) | 1.540.414 |
| Tekjuskattur | 9 | 251.438 | (35.336) | 292.315 | (121.372) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 92.753 | 685.797 | 237.853 | 1.419.042 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Hagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | 0,03 | 0,29 | 0,10 | 0,59 |

Skýringar á blaðsíðum 8-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Efnahagsreikningur 30. júní 2016

| | Skýr | 30.6.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 182.165 | 166.263 |
| Óefnislegar eignir | | 841.152 | 880.725 |
| Skatteign | | 689.592 | 360.850 |
| Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur | 10 | 29.340.632 | 27.837.680 |
| Fjáreignir haldið til gjalddaga | 10 | 4.315.185 | 4.319.826 |
| Skuldabréf og aðrar langtímakröfur | 10 | 44.450 | 48.431 |
| Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | | 1.240.217 | 1.338.485 |
| Viðskiptakröfur | | 7.599.888 | 5.482.145 |
| Endurtryggingaeignir | | 1.818.593 | 1.255.208 |
| Aðrar kröfur | | 1.627.073 | 1.756.206 |
| Handbært fé | | 839.977 | 1.428.183 |
| **Eignir samtals** | | 48.538.924 | 44.874.001 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 2.246.413 | 2.296.437 |
| Lögbundinn varasjóður | | 625.620 | 625.620 |
| Óráðstafað eigið fé | | 12.454.899 | 14.629.991 |
| Eigið fé samtals | | 15.326.932 | 17.552.048 |
| **Skuldir** | | | |
| Víkjandi skuldabréf | 12 | 2.554.169 | 0 |
| Vátryggingaskuld | 13 | 26.943.115 | 23.465.959 |
| Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | | 1.240.217 | 1.338.485 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir | | 2.474.490 | 2.517.509 |
| Skuldir samtals | | 33.211.992 | 27.321.953 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 48.538.924 | 44.874.001 |

Skýringar á blaðsíðum 8-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 30. júní 2016

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **2015** | | | | |
| Eigið fé 1.1.2015 | 2.438.481 | 625.620 | 12.892.382 | 15.956.483 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | 1.419.042 | 1.419.042 |
| Keyptir eigin hlutir | (56.144) | | (414.827) | (470.971) |
| Greiddur arður 1,03 kr. á hlut | | | (2.487.945) | (2.487.945) |
| Eigið fé 30.6.2015 | 2.382.337 | 625.620 | 11.408.652 | 14.416.609 |
| **2016** | | | | |
| Eigið fé 1.1.2016 | 2.296.437 | 625.620 | 14.629.992 | 17.552.048 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | 237.853 | 237.853 |
| Keyptir eigin hlutir | (50.023) | | (346.152) | (396.175) |
| Greiddur arður 0,90 kr. á hlut | | | (2.066.793) | (2.066.793) |
| Eigið fé 30.6.2016 | 2.246.413 | 625.620 | 12.454.899 | 15.326.932 |

Alþingi samþykkti í júní síðastliðnum breytingar á lögum um ársreikninga sem takmarka heimildir hlutafélaga til arðgreiðslna. Samkvæmt lögunum ber félögum sem nýta heimild til að tilgreina fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning að færa samsvarandi fjárhæð, að frádregnum tekjuskatti eftir því sem við á, á bundinn reikning meðal eigin fjár og lækka þannig óráðstafað eigið fé. Þá ber að færa á bundinn reikning meðal eigin fjár hlutdeild í afkomu dótturfélaga sem er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta og lækka þannig óráðstafað eigið fé. Þessar breytingar munu lækka óráðstafað eigið fé samstæðunnar.

Skýringar á blaðsíðum 8-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2016

| | Skýr. | 6M 2016 | 6M 2015 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | 237.853 | 1.419.042 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé: | | | |
| Fjármunaekjur og fjármagnsgjöld | | 48.472 | (377.206) |
| Gangvirðisbreyting fjáreigna | | (598.996) | (1.685.699) |
| Afskriftir | | 64.199 | 61.653 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skatteign, (hækkun), lækkun | | (328.742) | 35.919 |
| Fjáreignir, (hækkun), lækkun | | (1.269.625) | 3.009.083 |
| Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, lækkun | | 3.980 | 37.997 |
| Viðskiptakröfur, (hækkun) | | (2.051.068) | (2.117.147) |
| Endurtryggingaeignir, (hækkun) | | (563.385) | (133.211) |
| Aðrar eignir, lækkun | | 129.133 | (69.000) |
| Vátryggingaskuld, hækkun | | 3.477.156 | 2.716.639 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, hækkun, (lækkun) | | 48.160 | (19.210) |
| **Handbært fé (til) frá rekstri án vaxta og skatta** | | (802.864) | 2.878.860 |
| Innborgaðar fjármunatekjur | | 396.927 | 771.266 |
| Greidd fjármagnsgjöld | | (31.070) | (2.102) |
| Greiddur tekjuskattur | | (129.853) | (242.161) |
| **Handbært fé (til) frá rekstri** | | (566.860) | 3.405.864 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptur hugbúnaður | | 0 | (143.242) |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | (40.528) | (61.651) |
| | | (40.528) | (204.893) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Keyptir eigin hlutir | | (396.175) | (470.971) |
| Greiddur arður | | (2.066.793) | (2.487.945) |
| Tekið víkjandi lán | | 2.500.000 | 0 |
| | | 37.032 | (2.958.916) |
| (Lækkun), hækkun handbærs fjár | | (570.356) | 242.054 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 1.428.183 | 1.399.904 |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | | (17.850) | 7.434 |
| Handbært fé í lok tímabilsins | | 839.977 | 1.649.392 |

Skýringar á blaðsíðum 8-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, samstæðan eða VÍS, er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík.

Árshlutareikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífís). Samstæðan starfar á sviði skaðatrygginga, líftrygginga og fjármála. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi samstæðunnar á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 34 sé fylgt

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning hennar fyrir árið 2015.

Árshlutareikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundi þann 25. ágúst 2016

### 2.2 Grundvöllur reikningsskila

Samandregni árshlutareikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnir fjármálagerningar eru færðir á gangvirði. Kostnaðarverð byggir á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Engar breytingar hafa verið gerðar á reikningsskilareglum samstæðunnar frá ársreikningi 2015. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins www.vis.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com

Nokkrir nýjir staðlar og viðbætur við staðla tóku gildi í upphafi árs 2016 en höfðu engin áhrif á reikningsskil félagsins.

## 3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

## 4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð samandregins árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- fjáreignir sjá skýringu nr.10
- vátryggingaskuld sjá skýringu nr. 13

# Skýringar

## 5. Starfsþáttagreining

Samstæðunni er skipt í þrjá rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2016 var eftirfarandi:

| | Skaðatrygginga-rekstur | Líftrygginga-rekstur | Fjármála-rekstur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 8.233.843 | 533.339 | 0 | 8.767.182 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | (232.922) | (91.709) | 0 | (324.631) |
| Fjárfestingatekjur | 598.426 | 15.766 | 21.572 | 635.763 |
| Aðrar tekjur | 83.570 | 0 | 0 | 83.570 |
| Heildartekjur | 8.682.917 | 457.395 | 21.572 | 9.161.884 |
| Tjón tímabilsins | (7.183.485) | (187.118) | 0 | (7.370.603) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum | 373.658 | 63.834 | 0 | 437.492 |
| Breyting á áhættuálagi | (3.839) | (954) | 0 | (4.794) |
| Rekstrarkostnaður | (1.773.580) | (155.747) | (261.672) | (2.190.999) |
| Vaxtagjöld | 0 | 0 | (85.239) | (85.239) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | 0 | 0 | (2.204) | (2.204) |
| Rekstrarafkoma starfsþáttar | 95.671 | 177.410 | (327.543) | (54.462) |
| Tekjuskattur | | | | 292.315 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 237.853 |

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 35 milljónir króna og í fjármálarekstri 1 milljón króna. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 41 milljón króna. Gengismunur af vátryggingaskuld í skaðatryggingum er færður með iðgjöldum og tjónum. Á tímabilinu varð gengishagnaður vegna vátryggingaskuldarinnar.

Eignir og skuldir starfsþáttanna 30. júní 2016 voru eftirfarandi:

| | Skaðatrygginga-rekstur | Líftrygginga-rekstur | Fjármála-rekstur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| Fjárfestingaverðbréf | 30.363.232 | 1.231.356 | 2.105.679 | 33.700.267 |
| Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | 0 | 1.240.217 | 0 | 1.240.217 |
| Endurtryggingaeignir | 1.666.231 | 144.301 | 0 | 1.810.532 |
| Handbært fé | 621.063 | 218.914 | 0 | 839.977 |
| Aðrar eignir | 5.015.779 | 0 | 5.932.152 | 10.947.931 |
| Eignir starfsþátta | 37.666.305 | 2.834.788 | 8.037.831 | 48.538.924 |
| **Skuldir** | | | | |
| Víkjandi skuldabréf | 0 | 0 | 2.554.169 | 2.554.169 |
| Vátryggingaskuld | 26.109.428 | 833.687 | 0 | 26.943.115 |
| Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | 0 | 1.240.217 | 0 | 1.240.217 |
| Aðrar skuldir | 2.317.581 | 156.910 | 0 | 2.474.490 |
| Skuldir starfsþátta | 28.427.009 | 2.230.814 | 0 | 33.211.992 |

## 5. Starfsþáttagreining (frh.)

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2015 var eftirfarandi:

| | Skaðatrygginga-rekstur | Líftrygginga-rekstur | Fjármála-rekstur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 7.617.187 | 489.583 | 0 | 8.106.771 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | (219.326) | (88.157) | 0 | (307.484) |
| Fjárfestingatekjur | 595.297 | 14.283 | 1.455.427 | 2.065.007 |
| Aðrar tekjur | 80.769 | 0 | 0 | 80.769 |
| Heildartekjur | 8.073.927 | 415.709 | 1.455.427 | 9.945.063 |
| Tjón tímabilsins | (6.251.267) | (125.316) | 0 | (6.376.584) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum | (48.819) | 37.267 | 0 | (11.552) |
| Rekstrarkostnaður | (1.649.775) | (122.501) | (251.879) | (2.024.155) |
| Vaxtagjöld | 0 | 0 | (2.102) | (2.102) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | 0 | 0 | 9.742 | 9.742 |
| Rekstrarafkoma starfsþáttar | 124.066 | 205.159 | 1.211.189 | 1.540.414 |
| Tekjuskattur | | | | (121.372) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 1.419.042 |

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 33 milljónir króna og í fjármálarekstri 1 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum eru 205 milljónir króna.

Eignir og skuldir starfsþáttanna 31. desember 2015 voru eftirfarandi:

| | Skaðatrygginga-rekstur | Líftrygginga rekstur | Fjármála-rekstur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| Fjárfestingaverðbréf | 28.004.236 | 1.245.107 | 2.956.593 | 32.205.936 |
| Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | 0 | 1.338.485 | 0 | 1.338.485 |
| Endurtryggingaeignir | 1.122.942 | 121.647 | 0 | 1.244.589 |
| Handbært fé | 1.120.029 | 308.154 | 0 | 1.428.183 |
| Aðrar eignir | 3.627.694 | 0 | 5.029.114 | 8.656.808 |
| Eignir starfsþátta | 33.874.901 | 3.013.393 | 7.985.707 | 44.874.001 |
| **Skuldir** | | | | |
| Vátryggingaskuld | 22.733.855 | 732.105 | 0 | 23.465.959 |
| Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | 0 | 1.338.485 | 0 | 1.338.485 |
| Aðrar skuldir | 2.382.032 | 135.477 | 0 | 2.517.509 |
| Skuldir starfsþátta | 25.115.887 | 2.206.067 | 0 | 27.321.953 |

## 6. Eigin iðgjöld

| | 6M 2016 | 6M 2015 |
|---|---|---|
| Bókfærð iðgjöld | 11.598.454 | 10.791.148 |
| Hluti endurtryggjenda | (551.645) | (511.501) |
| Breyting á iðgjaldaskuld | (2.831.272) | (2.684.378) |
| Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld | 227.014 | 204.017 |
| Eigin iðgjöld | 8.442.551 | 7.799.287 |

## 7. Fjármunatekjur

| | 6M 2016 | 6M 2015 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 30.201 | 24.282 |
| Vaxtatekjur af fjáreignum haldið til gjalddaga | 116.021 | 127.322 |
| Aðrar vaxtatekjur | 174.825 | 137.748 |
| Gengismunur gjaldmiðla | (284.280) | 89.956 |
| Fjármunatekjur | 36.767 | 379.308 |
| | | |
| Gangvirðisbreytingar hlutabréfa | 296.215 | 926.329 |
| Gangvirðisbreytingar annarra fjáreigna | 302.780 | 759.370 |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | 598.995 | 1.685.699 |

Með gangvirðisbreytingu fjáreigna er talinn 141 ( 6M 2015: 32) milljóna króna arður af hlutabréfaeign.

## 8. Eigin tjón

| | 6M 2016 | 6M 2015 |
|---|---|---|
| Bókfærð tjón | 6.729.513 | 6.344.322 |
| Hluti endurtryggjenda | (98.562) | (54.403) |
| Breyting á tjónaskuld | 641.090 | 32.262 |
| Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld | (338.930) | 65.954 |
| Eigin tjón | 6.933.111 | 6.388.135 |

## 9. Reiknaður tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn.

**Virkt skatthlutfall:**

| | 1. janúar - 30. júní 2016 | | 1. janúar - 30. júní 2015 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | (54.462) | | 1.540.414 | |
| | | | | |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli | (10.892) | 20,0% | 308.083 | 20,0% |
| Ófrádráttarbær kostnaður | 3 | 0,0% | 4 | 0,0% |
| Fenginn arður | 28.162 | -51,7% | 21.300 | 1,4% |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | (87.405) | 160,5% | (185.265) | -12,0% |
| Bakfærð niðurfærsla skatteignar * | (222.183) | 408,0% | 0 | 0,0% |
| Aðrir liðir | 0 | 0,0% | (22.749) | -1,5% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | (292.315) | 536,7% | 121.372 | 7,9% |

* Skatteign vegna lúkningar á slitum á þrotabúi.

# Skýringar

## 10. Fjárfestingaverðbréf

| **Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur greinast þannig:** | 30.6.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| **Eignarhlutar í öðrum félögum** | | |
| Skráð í innlendri kauphöll | 6.207.699 | 5.534.878 |
| Skráð í erlendum kauphöllum | 136 | 778.822 |
| Önnur félög | 2.823.632 | 2.924.798 |
| | 9.031.467 | 9.238.498 |
| **Önnur verðbréf** | | |
| Ríkistryggð, verðtryggð | 4.582.936 | 5.575.443 |
| Ríkistryggð, óverðtryggð | 3.236.846 | 2.784.738 |
| Önnur skuldabréf | 8.637.915 | 6.856.591 |
| Skuldabréfasjóðir | 1.981.783 | 1.173.440 |
| Hlutabréfasjóðir | 0 | 593.521 |
| Fagfjárfestasjóðir | 1.869.685 | 1.615.448 |
| | 20.309.165 | 18.599.182 |
| Fjáreignir á gangvirði samtals | 29.340.632 | 27.837.680 |
| **Fjáreignir haldið til gjalddaga** | | |
| Skráð ríkistryggð verðbréf * | 4.315.185 | 4.319.826 |
| **Skuldabréf og aðrar langtímakröfur greinast þannig:** | | |
| Lán með veði í fasteignum | 44.450 | 48.431 |
| Fjárfestingaverðbréf | 33.700.267 | 32.205.936 |
| * Áætlað gangvirði fjáreigna haldið til gjalddaga | 4.185.973 | 4.348.275 |

## 11. Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjáreignir, færðar á gangvirði, flokkaðar eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í þrjú stig sem endurspegla mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Stigin eru eftirfarandi:

**Stig 1:** Gangvirðismatið byggir á skráðum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

**Stig 2:** Gangvirðismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina eða skuldina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum).

**Stig 3:** Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum.

**Samstæða**

| 30. júní 2016 | **Stig 1** | **Stig 2** | **Stig 3** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Fjáreignir á gangvirði | 22.934.426 | 424.183 | 5.982.023 | 29.340.632 |
| Fjáreignir til gjalddaga á gangvirði | 1.711.153 | 2.474.820 | 0 | 4.185.973 |
| Fjáreignir samtals | 24.645.579 | 2.899.003 | 5.982.023 | 33.526.605 |

**Samstæða**

| 31. desember 2015 | **Stig 1** | **Stig 2** | **Stig 3** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Fjáreignir á gangvirði | 21.668.780 | 428.344 | 5.740.556 | 27.837.680 |
| Fjáreignir til gjalddaga á gangvirði | 1.769.340 | 2.578.935 | 0 | 4.348.275 |
| Fjáreignir samtals | 23.438.120 | 3.007.279 | 5.740.556 | 32.185.955 |

## 11. Stigskipting gangvirðis (frh)

**Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 2 eru notaðar eftirfarandi aðferðir:**

Í stig 2 eru færðar fjáreignir þar sem ekki er virkur markaður. Matið á eignunum ákvarðast af nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða kauptilboðum frá ótengdum aðilum. Einnig er stuðst við gangvirði annarra sambærilegra fjáreigna.

**Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notaðar eftirfarandi aðferðir:**

Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraraðilum fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar fjáreignir.

| Breytingar sem falla undir stig 3 á tímabilinu eru eftirfarandi: | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 5.740.556 | 6.194.794 |
| Keypt | 607.401 | 489.982 |
| Selt/afborganir | (801.021) | (669.720) |
| Flutt á stig 1 og 2 | 0 | (1.216.985) |
| Vextir, matsbreyting | 435.086 | 422.940 |
| Staða 30.6. | 5.982.023 | 5.221.011 |

## 12. Víkjandi skuldabréf

Í lok febrúar 2016 gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 milljónir króna. Skuldabréfin tilheyra eiginfjárþætti 2 og teljast til gjaldþols félagsins. Þau bera fasta 5,25% verðtryggða vexti og eru til 30 ára með uppgreiðsluheimild og þrepahækkun á vöxtum upp í 6,25% 10 árum eftir útgáfu.

## 13. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld er ákvörðuð sem besta mat samkvæmt ákvæðum Solvency II löggjafarinnar.

| | 30.6.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| **Vátryggingaskuld (heild):** | | |
| Vegna tilkynntra tjóna | 14.331.169 | 13.839.935 |
| Vegna ótilkynntra tjóna | 2.685.089 | 2.535.233 |
| Tjónaskuld samtals | 17.016.258 | 16.375.168 |
| Iðgjaldaskuld | 8.678.302 | 5.847.030 |
| Áhættuálag | 1.248.555 | 1.243.762 |
| Vátryggingaskuld samtals | 26.943.115 | 23.465.959 |
| **Hlutdeild endurtryggjenda:** | | |
| Vegna tilkynntra tjóna | 1.427.129 | 1.088.201 |
| Vegna ótilkynntra tjóna | 53.791 | 53.789 |
| Tjónaskuld | 1.480.920 | 1.141.990 |
| Iðgjaldaskuld | 329.612 | 102.599 |
| Hlutdeild endurtryggjenda samtals | 1.810.532 | 1.244.589 |
| **Vátryggingaskuld í eigin hlut:** | | |
| Vegna tilkynntra tjóna | 12.904.040 | 12.751.734 |
| Vegna ótilkynntra tjóna | 2.631.298 | 2.481.444 |
| Tjónaskuld | 15.535.338 | 15.233.178 |
| Iðgjaldaskuld | 8.348.690 | 5.744.431 |
| Áhættuálag | 1.248.555 | 1.243.762 |
| Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals | 25.132.583 | 22.221.371 |

Tjónaskuld er reiknað besta mat félagsins samkvæmt Solvency II löggjöfinni á fjárhæð óuppgerðra tjónsatburða á uppgjörsdegi sem hafa verið tilkynntir félaginu og einnig vegna tjónsatburða sem hafa átt sér stað á uppgjörsdegi en ekki verið tilkynntir félaginu eða tilkynntir með ófullnægjandi hætti. Iðgjaldaskuld er mat á skuldbindingum vegna þess tímabils sem eftir er af gerðum vátryggingasamningum á uppgjörsdegi.

# Skýringar

## 14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félög í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Tengdir aðilar eru stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

| | 1.1.-30.6.2016 | | 30.6.2016 | |
|---|---|---|---|---|
| | Tekjur | Gjöld | Eignir | Skuldir |
| Tengd félög | 1.467 | 2.189 | 11.855 | 0 |
| Stjórn og lykilstarfsmenn | 2.914 | 120 | 1.192 | 0 |
| | 4.381 | 2.309 | 13.047 | 0 |

| | 1.1.-30.6.2015 | | 31.12.2015 | |
|---|---|---|---|---|
| | Tekjur | Gjöld | Eignir | Skuldir |
| Tengd félög | 2.009 | 45 | 12.022 | 0 |
| Stjórn og lykilstarfsmenn | 3.287 | 1.558 | 72 | 0 |
| | 5.295 | 1.603 | 12.094 | 0 |

## 15. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á árshlutareikningnum.

## 16. Lykilhlutföll

| | 6M 2015 | 6M 2015 |
|---|---|---|
| Tjónahlutfall | 84,1% | 78,7% |
| Eigið tjónahlutfall | 82,1% | 81,9% |
| Rekstrarkostnaðarhlutfall | 22,0% | 21,9% |
| Endurtrygginga kostnaðarhlutfall | -1,3% | 3,9% |
| **Samsett hlutfall** | 104,8% | 104,5% |
| Gjaldþolshlutfall samstæðu SII | 1,83 | - |

## 17. Ársfjórðungayfirlit

| | 2F 2016 | 1F 2016 | 4F 2015 | 3F 2015 | 2F 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 4.460.170 | 4.307.012 | 4.206.296 | 4.283.671 | 4.147.671 |
| Eigin iðgjöld | 4.300.340 | 4.142.211 | 4.060.495 | 4.155.736 | 3.999.431 |
| Fjárfestingatekjur | 200.288 | 435.475 | 1.103.138 | 907.969 | 951.546 |
| Aðrar tekjur | 43.740 | 39.830 | 49.222 | 36.105 | 40.654 |
| Heildartekjur | 4.544.367 | 4.617.516 | 5.212.855 | 5.099.810 | 4.991.631 |
| Tjón tímabilsins | (3.957.321) | (3.413.282) | (2.904.758) | (3.450.990) | (3.274.017) |
| Eigin tjón | (3.548.525) | (3.384.585) | (2.806.709) | (3.517.360) | (3.234.459) |
| Breyting á áhættuálagi | (1.717) | (3.077) | (66.460) | 0 | 0 |
| Rekstrarkostnaður | (1.101.971) | (1.089.028) | (1.065.288) | (988.473) | (1.048.496) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld | (50.840) | (36.603) | 21.469 | (433) | 12.456 |
| Virðisrýrnun óefnislegra eigna | 0 | 0 | (1.429.988) | 0 | 0 |
| Hagnaður (tap)fyrir tekjuskatta | (158.685) | 104.223 | (134.121) | 593.544 | 721.133 |
| Tekjuskattar | 251.438 | 40.877 | 220.420 | (23.094) | (35.336) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | 92.753 | 145.100 | 86.299 | 570.450 | 685.797 |
| | | | | | |
| Tjónahlutfall | 88,7% | 79,3% | 69,1% | 80,5% | 79,0% |
| Eigið tjónahlutfall | 82,5% | 81,7% | 69,1% | 84,6% | 80,9% |
| Rekstrarkostnaðarhlutfall | 22,0% | 22,1% | 22,0% | 20,2% | 22,2% |
| Endurtryggingakostnaðarhlutfall | -5,6% | 3,2% | 1,1% | 4,5% | 2,6% |
| Samsett hlutfall | 105,1% | 104,5% | 92,2% | 105,2% | 103,8% |